

Yfirlit yfir breytingar á keppnisreglum WKF sem taka gildi 1 janúar 2015

Þetta er létt samantekt, ef misræmi er á milli þessa yfirlits og wkf reglna, gilda reglurnar.

Nr	Breyting	Regla nr.
1	Dýnum snúið við til að ákvarða staðsetningu keppenda.	Art.1
2	Það verður að vera hægt að binda jakkann, jakkar án skábanda eru ekki leyfðir.	Art.2
3	Dómurum verður leyft að hafa wkf viðurkenndan höfuðklút.	Art.2 – Referees pt.2
4	Andlitsgríma verður ekki lengur skylda frá 1.1.2016.	Art.2 – sjá cont.8.6
5	Formlegur klæðnaður þjálfara skylda í úrslitum (á HM).	Art.2 – sjá coach.1
6	Endurorðað varðandi að skipta út keppanda í einst.keppni	Art.3 – 2
7	Ekki verður lengur aukamínúta í úrslitum viðureigna.	Art.5 – 1
8	Keppendur eiga rétt á hvíld og skiptitíma jafnt bardagatíma.	Art.5 – 4
9	Ítarlegri skilgreining á Zanshin „verður að horfa á andstæðing“.	Art.6 – Expl.VI
10	Hvernig eigi að meðhöndla tvöfalda brottvísun.	Art.7 – 5 / kata Art.6-6.
11	Óleyfilegt að grípa með báðum höndum nema við fellingu þegar gripið er í fót andstæðings. Að grípa með annarri hendi er einungis leyfilegt ef fylgt er strax eftir með tækni – eða í fellingu.	Art.8 – Cat.2 -6/7 og expl.XII
12	Ekki má gefa Passivity þegar 10sek eða minna er eftir.	Art.8 – C2/5
13	Sérstök úrræði varðandi notkun á myndbandsupptöku.	Art.11 – 13
14	Breytt hlutverk varðandi dómgæslu, Dómari sér um refsingar, meðdómarar stig og jogai.	Art.12
15	Tími til að skora breytt úr 2 sek í tafarlaust (immediate).	Art.13 – 8
16	Grein fjarlægð þar sem reglurnar eru samþykktar af EC.	Art.14
17	Útskýring á merkjum fyrir „að grípa í“ o.fl. breytt úr 2 sekúndum í „tafarlaust“.	App.2 – Art.8 C2
18	Viðbót vegna myndbands.	App.3
19	Breyting á þyngdarflokkum.	App.8
20	Skóli breyttur í stíl (Ryu-ha).	Kata Art.3
21	Kata listinn endurvakinn og yfirfarinn.	Kata Art.5
22	Breytingar á mati kata, Erfiðleikastuðull kemur nú inn undir Tæknilega útfærslu	Kata Art.5
23	Breytingar á hneigingum. Hneigja á fyrir og eftir framkvæmd á kata, ef ekki þá leiðir það til brottvísunar.	Kata Art.5 og Art.6
24	Refsing fyrir að missa belti.	Kata Art.5 – foul e)
25	Breytt orðalag varðandi stopp í framkvæmd í kata. Orðalagið „ í nokkrar sekúndur“ fjarlægt.	Kata Art.5 – disq.3
26	Ábyrgð dómara varðandi mat á kata, horft á katalistann.	Kata Art.5
27	Harðar tekið á öllum utanaðkomandi hljóðum, skilgreining á frádrætti varðandi heildar útkomuna.	Kata Art.5 – foul d)
28	Kalla á dómara til að ákvarða um brottvísun.	Kata Art.6 – 6.2
29	Ef keppandi hættir við eftir að andstæðingur hans hefur framkvæmt sína kata, má viðkomandi nota þá kata aftur.	Kata Art.6 – 6.6